

116 greiði hreppsnefnd þess hrepps bæjarsjóði Reykjavíkur $\frac{2}{3}$ legukostnaðarins með 4. nóv. 144 kr.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Vindhælishrepps, og ber yður að sjá um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

117 Bréf stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um stofnun póstafréiðslna.

17. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið, að stofna póstafréiðslur á Akranesi, Bolungarvík, Eyrarbakka, Ólafsvík og Þórshöfn.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstafréiðslumannasýslanirnar á nefndum stöðum lausar.

118
23. sept.

Auglýsing

um

skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga.

Samkvæmt ályktun alþingis 1911 skal um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins, skipað fyrir á þessa leið:

A. Almenn skilyrði.

1. Að 8 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 12 dagsverk hver þeirra.
2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn.
3. Að stjórn félagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi, er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:
 - a. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna.